

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Ársreikningur 2020

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
kt. 480284-0549
Austurvegi 65, 800 Selfossi

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar og sundurliðanir	9 - 12

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
kt. 480284-0549
Austurvegi 65, 800 Selfossi

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands starfar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfssvæði embættisins eru sveitarfélög á Suðurlandi.

Starfsemin á árinu

Rekstrarafkoma eftirlitsins var neikvæð um 18,7 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er bókfært eigið fé neikvætt um 43,5 m.kr. í lok ársins.

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 kann að hafa áhrif á starfsemi heilbrigðiseftirlitsins. Stjórnendur munu vinna áfram að lágmarkun neikvæðra áhrifa á reksturinn en óvíst er hve áhrifin verða langvinn eða alvarleg.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Fjöldi stöðugilda var 7,2 á árinu.

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð rekstrarniðurstöðu og annarra breytinga á eigin fé.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestir hér með ársreikning fyrir árið 2020 með áritun sinni.

Selfossi, 23. apríl 2021

Stjórn:

Abelgi Z. Haraldsson
Guðrún S. Magnúsdóttir
Sigrún Magnúsdóttir
Ólafur Magnússon

Framkvæmdastjóri:

Sigrún Magnúsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu eftirlitsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
- Rekstrarreikning fyrir árið 2020.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2020.
- Yfirlit yfir sjóðstreymi fyrir árið 2020.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð Heilbrigðiseftirliti Suðurlands samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglina sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi eftirlitsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglina.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi eftirlitsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra anmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum eftirlitsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning eftirlitsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa eftirlitið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi eftirlitsins. Stjórnendum eftirlitsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits eftirlitsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eftirlitsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að eftirlitið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Selfossi, 23. apríl 2021

PricewaterhouseCoopers ehf.



Ólafur Gestsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýringar	2020	Áætlun 2020	2019
Rekstrartekjur				
Eftirlitsgjöld og leyfi	3	96.443.119	96.003.056	97.769.964
Framlög sveitarfélaga til rekstrar	3	27.268.500	27.268.500	25.970.001
Framlag vegna hreinsunarátaks	3	10.000.000	10.000.000	12.360.000
Söluhagnaður		0	0	2.184.111
Aðrar tekjur		657.293	0	0
		<u>134.368.912</u>	<u>133.271.556</u>	<u>138.284.076</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	4	119.754.519	104.074.881	98.856.312
Stjórnar- og nefndarlaun		2.168.373	2.570.000	2.733.457
Húsnæðiskostnaður		3.950.665	3.222.000	3.173.362
Rekstur bifreiða		2.420.375	3.220.000	2.894.114
Annar kostnaður		22.641.054	19.480.000	23.558.628
Afskriftir	6	2.208.697	2.700.000	2.766.692
		<u>153.143.683</u>	<u>135.266.881</u>	<u>133.982.565</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		(18.774.771)	(1.995.325)	4.301.511
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur	5	650.326	650.000	1.370.042
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(526.938)	(590.000)	(650.581)
		<u>123.388</u>	<u>60.000</u>	<u>719.461</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>(18.651.383)</u>	<u>(1.935.325)</u>	<u>5.020.972</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýringar	2020	2019
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Bírfreiðar		10.004.668	11.689.834
Tæki og búnaður		1.765.522	1.029.326
		<u>11.770.190</u>	<u>12.719.160</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	3.163.016	4.755.277
Aðrar skammtímakröfur		1.130.770	477.078
Handbært fé	8	16.816.607	15.836.467
		<u>21.110.393</u>	<u>21.068.822</u>
Eignir samtals		<u><u>32.880.583</u></u>	<u><u>33.787.982</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2020	2019
Eigið fé			
Annað eigið fé	9	(43.451.975)	(24.800.592)
Skuldir og skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding			
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	10	69.305.976	52.545.369
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	11	1.410.760	1.177.542
Ógreidd launatengd gjöld		5.615.822	4.865.663
		<u>7.026.582</u>	<u>6.043.205</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		76.332.558	58.588.574
Eigið fé og skuldir samtals		<u>32.880.583</u>	<u>33.787.982</u>

Sjóðstreymi ársins 2020

	Skýringar	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		(18.651.383)	5.020.972
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	2.208.697	2.766.692
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	10	21.804.143	4.726.026
Söluhagnaður		0	(2.184.111)
		<u>5.361.457</u>	<u>10.329.579</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		938.569	(72.941)
Breytingar rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		983.377	(661.452)
Greidd lífeyrisskuldbinding	10	(5.043.536)	(4.547.851)
		<u>(3.121.590)</u>	<u>(5.282.244)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>2.239.867</u>	<u>5.047.335</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	3.520.000
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(1.259.727)	(11.730.000)
		<u>(1.259.727)</u>	<u>(8.210.000)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		980.140	(3.162.665)
Handbært fé í byrjun ársins		<u>15.836.467</u>	<u>18.999.132</u>
Handbært fé í árslok	8	<u>16.816.607</u>	<u>15.836.467</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er byggðasamlag sveitarfélaga sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfssvæði embættisins eru sveitarfélög á Suðurlandi.

Eftirlitið er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur er að Austurvegi 65, 800 Selfossi.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda, geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Innlausn tekna

Framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2020	2019
Laun	78.344.500	75.556.543
Lífeyrissjóðsgjöld	11.239.949	10.453.615
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	21.804.143	4.726.026
Launatengd gjöld	8.365.927	8.120.128
	<u>119.754.519</u>	<u>98.856.312</u>

Á árunum 2019 og 2020 störfuðu 8 starfsmenn hjá félaginu í 7,2 stöðugildum.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru færð við greiðslu.

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Bifreiðar	Tæki og búnaður	Samtals
Árslok 2019:			
Bókfært verð í ársbyrjun	3.739.000	1.352.741	5.091.741
Keypt á árinu	11.730.000	0	11.730.000
Selt á árinu	(1.335.889)	0	(1.335.889)
Afskriftir	(2.443.277)	(323.415)	(2.766.692)
Bókfært verð í árslok	11.689.834	1.029.326	12.719.160
Bókfært verð í árslok 2019 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	14.080.000	4.573.299	18.653.299
Afskrifað samtals	(2.390.166)	(3.543.973)	(5.934.139)
Bókfært verð í árslok	11.689.834	1.029.326	12.719.160
Árslok 2020:			
Bókfært verð í ársbyrjun	11.689.834	1.029.326	12.719.160
Keypt á árinu	0	1.259.727	1.259.727
Afskriftir	(1.685.166)	(523.531)	(2.208.697)
Bókfært verð í árslok	10.004.668	1.765.522	11.770.190
Bókfært verð í árslok 2020 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	14.080.000	5.833.026	19.913.026
Afskrifað samtals	(4.075.332)	(4.067.504)	(8.142.836)
Bókfært verð í árslok	10.004.668	1.765.522	11.770.190

Bifreiðar, tæki og búnaður eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

Bifreiðar	5 ár
Tæki og búnaður	5 ár

Bifreiðar eftirlitsnefndarinnar eru vátryggðar og miðast vátryggingaverðmæti við markaðsverð þeirra hverju sinni. Áhöld og tæki eru ekki vátryggð.

Áætlaður endingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningsárs.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2020	2019
Viðskiptakröfur	3.955.422	6.223.582
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(792.406)	(1.468.305)
	<u>3.163.016</u>	<u>4.755.277</u>

8. Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

9. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Annað eigið fé
Hreyfingar 2019:	
Staða í ársbyrjun	(29.821.564)
Hagnaður ársins	<u>5.020.972</u>
Staða í árslok	(24.800.592)
Hreyfingar 2020:	
Staða í ársbyrjun	(24.800.592)
Tap ársins	(18.651.383)
Staða í árslok	<u>(43.451.975)</u>

10. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingastærðfræðilegrar úttektar í árslok 2020. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Um er að ræða áætlaðan hluta launagreiðanda í áfallinni lífeyrisskuldbindingu vegna starfsmanna í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Útreikningurinn, sem miðast við árslok 2020, er gerður af tryggingastærðfræðingi eftir sömu forsendum og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hluttur launagreiðanda er áætlaður 55,3%.

Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

	2020	2019
Lífeyrisskuldbinding 1/1	52.545.369	52.367.194
Afborgun á árinu	(5.043.536)	(4.547.851)
Breyting á árinu	<u>21.804.143</u>	<u>4.726.026</u>
	<u>69.305.976</u>	<u>52.545.369</u>

11. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Sundurliðanir

	2020	2019
Rekstrartekjur:		
Eftirlitsgjöld og leyfi		
Eftirlitsgjöld	81.208.329	79.534.179
Leyfi og vottorð	6.246.507	9.778.800
Rannsóknir	8.988.283	8.456.985
	<u>96.443.119</u>	<u>97.769.964</u>
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	78.344.500	75.556.543
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	21.804.143	4.726.026
Launatengd gjöld	19.593.876	18.221.871
Dagpeningar	12.000	351.872
	<u>119.754.519</u>	<u>98.856.312</u>
Stjórnar- og nefndarlaun		
Stjórnarlaun	1.615.386	1.916.081
Launatengd gjöld	129.233	324.330
Bifreiðastyrkir stjórnarmanna	423.754	493.046
	<u>2.168.373</u>	<u>2.733.457</u>
Húsnæðiskostnaður		
Húsaleiga Auðhumla, Selfossi	2.923.200	2.265.600
Húsaleiga í Vestmannaeyjum	910.204	878.850
Annar húsnæðiskostnaður	117.261	28.912
	<u>3.950.665</u>	<u>3.173.362</u>
Rekstur bifreiða		
Bensín, viðhald, dekk ofl	1.255.548	1.858.269
Skattar og tryggingar	1.164.827	1.035.845
	<u>2.420.375</u>	<u>2.894.114</u>
Annar kostnaður		
SASS bókhald, reikningagerð ofl	3.596.863	3.448.576
Ráðstefnu- og ferðakostnaður	471.754	490.049
Endurmenntun og námskeið	0	205.122
Póstur	341.276	164.333
Sími	493.341	479.296
Ritföng, prentun, pappír	541.593	336.739
Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta	2.485.735	2.237.448
Áhöld og tæki	1.046.122	1.966.407
Bækur, blöð og tímarit	11.200	10.900
Auglýsingar	99.204	401.726
Innheimtukostnaður	58.679	35.143
Rannsóknir	9.650.353	7.041.996
Sérfræðiaðstoð	2.809.783	5.264.548
Veitingar og fundakostnaður	414.188	463.540
Niðurfærsla eftirlitsgjalda	0	115.289
Vinnuföt og annar starfsmannakostnaður	184.210	455.358
Gjafir og styrkir	223.409	159.436
Annar kostnaður	213.344	282.722
	<u>22.641.054</u>	<u>23.558.628</u>